

27
19. apríl

Samþykkt

fyrir

Girðingarfelag í innanverðum Mosvallahreppi.

1. gr.

Fjelagið heitir Girðingarfelag Fjarðarmanna og hefir lögheimili að Kirkjubóli í Korpudal.

2. gr.

Samkvæmt girðingarlögum nr. 66, 22. nóv. 1913, hefir Girðingarfelag Fjarðarmanna sett sauðhelda gaddavírsgirðingu frá landamerkjum jarðanna: Kirkjubóls og Tannanes, eftir hlíðarbökkunum inn að Kirkjubólstúni, eftir það ofan til við túnin Kirkjubóls og Kroppstaða, inn að merkjum Kroppstaða og Efstabóls, eftir því merki niður að Korpu, þaðan eftir holtunum inn fyrir og ofan til við þorpstúnin (Ármúla, Efrihúsa, Hests og Neðrihúsa), svo í beinni línu upp fyrir Hólstún, þaðan með hlíðarfótunum að merkjum Hóls og Vífilsmýra, eftir því merki yfir Hestá út yfir eystri bakka hennar að vörsluskurði (landamerki Kirkjubóls og Vífilsmýra), við enda hans tekur við stórgripagirðing kringum sjóareyrar Kirkjubóls að fyrstnefndu landamerki.

3. gr.

Í girðingarfelaginu eru ábúendur jarðanna, Kirkjubóls, Kroppstaða, Ármúla, Efrihúsa, Hafurhests, Neðrihúsa, Hóls.

4. gr.

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar svo og árlegum viðhaldskostnaði, vöxtum og afborgunum af láni því, er til girðingarinnar hefir verið og kann að verða tekið, svo og öðrum viðhaldskostnaði, skal jafna niður á fjelagsmenn þannig: Hver ábúandi áðurnefndra jarða, samb. 3. gr., beri kostnað hlutfallslega eftir stærð þess graslendis, sem honum tilheyrir innan tjeðrar girðingar.

5. gr.

Eftirlit með girðingunni og gjaldheimta skal falið 3ja manna stjórn, er kosin sje á aðalfundi, sem haldinn sje í febrúarmánuði ár hvert. Þar skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar fjelagsins til úrskurðar. Stjórnin kýs sjer sjálf formann er hefir á hendi reikningsfærslu og boðar til funda, rita ber

honum í bók, er til þess er gerð, alla reikninga og fundargerðir, að öðru leyti skiftir stjórnin með sjer verkum. 27

19. apríl

6. gr.

Hver fjelagsmaður skal hafa greitt gjöld sín til fjelagsins fyrir 1. júní ár hvert.

7. gr.

Girðingunni skal haldið vel við, og eigi breitt nema $\frac{2}{3}$ mættra fjelagsmanna samþykki breytinguna, enda sje hún tiltekin í fundarboði, sem gengið hafi milli fjelagsmanna með 8 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmatur þá er $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna hafa mætt.

8. gr.

Óheimilt er að láta nokkurskonar búpening ganga lausan innan girðingarinnar frá 1. maí til 1. október. Og aldrei má neinn beita á annars manns land innan girðingar, þó að vetrarlagi sje. Heimilt er því ábúanda hverjum að láta taka fasta þá gripi, er slíkan átroðning gera, og greiði eigandi þeirra bætur fyrir tjón það, er af því leiðir, eftir mati tveggja óvilhallra manna, og nefnir sinn aðili hvorn.

9. gr.

Brot mót samþykkt þessari varða sektum frá 2 til 20 kr., sem renna í sveitarsjóð.

10. gr.

Mál sem rísa kann útaf samþykkt þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á samþykkt þessari.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefndin í Mosvallahreppi hefir gert samkvæmt lögum nr. 66, 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi, og er birt til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.